

Samkeppniseftirlitið

04 246

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Samkeppniseftirlitið

kt. 410705-0600

Borgartún 26, 125 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns og stjórnar

Samkeppniseftirlitið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli samkeppnislaga nr. 44/2005.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 16 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 557,8 milljónir og afkoma kr. -14,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 76,2 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Samkeppniseftirlitsins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og stjórn staðfesta hér með ársreikning Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Páll G. Pálsson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Stjórn:
Sveinn Agnarsson
Stjórnarformaður

Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Stjórnarmaður

Hafsteinn Þór Hauksson
Stjórnarmaður

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	501.400.000	499.400.000
Aðrar tekjur	3	11.800.000	4.400.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	42.177.382	29.045.885
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.460.934	2.643.818
Tekjur samtals		557.838.316	535.489.703
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	468.097.236	445.942.416
Annar rekstrarkostnaður	6	101.575.365	94.628.890
Afskriftir	7	2.460.934	2.643.818
Gjöld samtals		572.133.535	543.215.124
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(14.295.219)	(7.725.421)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(23.520)	(8.724)
		(23.520)	(8.724)
Afkoma ársins		(14.318.739)	(7.734.145)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		6.765.745	7.209.986
		<u>6.765.745</u>	<u>7.209.986</u>
Fastafjármunir samtals		<u>6.765.745</u>	<u>7.209.986</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	69.390.599	74.915.223
Veltufjármunir samtals		<u>69.390.599</u>	<u>74.915.223</u>
Eignir samtals		<u>76.156.344</u>	<u>82.125.209</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		(697.368)	13.621.371
Eigið fé samtals		<u>(697.368)</u>	<u>13.621.371</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	2.547.949	5.541
Viðskiptaskuldir		11.176.326	10.060.327
Ýmsar skammtímaskuldir	11	55.461.655	50.409.254
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	7.667.782	8.028.716
Skuldir samtals		<u>76.853.712</u>	<u>68.503.838</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>76.156.344</u>	<u>82.125.209</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(14.318.739)	(7.734.145)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	2.460.934	2.643.818
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.460.934)	(2.643.818)
		<u>(14.318.739)</u>	<u>(7.734.145)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	1.188.963
Tengdir aðilar		8.150.339	(13.526.250)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		6.168.400	20.071.432
		<u>14.318.739</u>	<u>7.734.145</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(2.016.693)	(890.768)
		<u>(2.016.693)</u>	<u>(890.768)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	0
Fjárfestingarframlag		2.016.693	890.768
		<u>2.016.693</u>	<u>890.768</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af Samrunagjaldi Samkeppniseftirlitsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	501.400.000	499.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.460.934	2.643.818
	<u>503.860.934</u>	<u>502.043.818</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	495.000.000	0	0	495.000.000
Fjáraukalög	3.000.000	0	0	3.000.000
Millifært úr varasjóð	3.400.000	0	0	3.400.000
Fjárveiting til tekna	501.400.000	0	0	501.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(515.718.739)	0	0	(515.718.739)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(14.318.739)	0	0	(14.318.739)

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	11.800.000	4.400.000
	<u>11.800.000</u>	<u>4.400.000</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	42.177.382	29.045.885
	<u>42.177.382</u>	<u>29.045.885</u>

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	378.185.329	351.820.915
Orlof, breyting	5.052.401	14.877.831
Launatengd gjöld	82.966.906	78.016.530
Starfsmannakostnaður	1.892.600	1.227.140
	<u>468.097.236</u>	<u>445.942.416</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	26,9	26,3
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.887.601	2.690.413
Ýmis tæki og áhöld	1.140.521	1.005.869
Orkugjafar	731.261	744.134
Matvæli	4.272.023	4.031.740
Almennar rekstrarvörur	286.230	292.320
Vörukaup, almenn	8.317.636	8.764.476
Ýmsar sérgreindar vörur	28.980	8.164
Vörukaup, sérgreind	28.980	8.164
Fundir, námskeið, risna	90.681	616.985
Ferðir, uppihald	722.360	916.400
Akstur	77.038	226.047
Sérfræðiþjónusta	32.469.173	26.309.501
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	28.592	39.402
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.983.987	2.806.083
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.258.200	2.704.364
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	38.630.031	33.618.782
Afnotagjöld	13.390.243	12.790.670
Leigugjöld	32.124.036	30.818.056
Verkkaup	5.867.578	5.068.554
Kostnaðarhlutdeild	3.185.064	3.560.188
Opinber gjöld	31.797	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	54.598.718	52.237.468
Annar rekstrarkostnaður samtals	101.575.365	94.628.890
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.460.934	2.643.818
	2.460.934	2.643.818

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	6.765.745	7.209.986
	<u>6.765.745</u>	<u>7.209.986</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2021	25.985.169	25.985.169
Viðbætur á árinu	2.016.693	2.016.693
Selt/úrelt á árinu	(85.526)	(85.526)
	<u>27.916.336</u>	<u>27.916.336</u>
Afskriftir 01.01.2021	18.775.183	18.775.183
Afskrift ársins	2.460.934	2.460.934
Selt/úrelt á árinu	(85.526)	(85.526)
	<u>21.150.591</u>	<u>21.150.591</u>
Staða 31.12.2021	<u>6.765.745</u>	<u>6.765.745</u>
	31.12.2021	31.12.2020

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	50.651.762	74.915.223
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	18.738.837	0
	<u>69.390.599</u>	<u>74.915.223</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.547.949	5.541
	<u>2.547.949</u>	<u>5.541</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	13.621.371	21.355.516
Afkoma ársins	(14.318.739)	(7.734.145)
Jöfnuður 31.12.	<u>(697.368)</u>	<u>13.621.371</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	55.461.655	50.409.254
	55.461.655	50.409.254

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	6.765.745	7.209.986
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	902.037	818.730
	7.667.782	8.028.716

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	7.209.986	818.730	8.028.716
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.100.000	2.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.016.693	(2.016.693)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.460.934)	0	(2.460.934)
	6.765.745	902.037	7.667.782

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 2,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027 og ýmsa þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 33,9 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 18,6 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.